

Fundargerð – 551. stjórnarfundur Kólku

Fundur í stjórn Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 17. októberber 2023, kl. 16:30 í fundarsal Kólku í Helguvík.

Mættir: Ingbór Guðmundsson, Eiður Ævarsson, Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir, Steinþór Þórðarson, Svavar Grétarsson og Önnundur Jónasson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Niðurstöður útboðs á sorphirðu
3. Áætlun fyrir 2024
4. Persónuverndarstefna Kólku lögð fram til samþykktar
5. Önnur mál.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjórinn fór yfir helstu atriði í rekstrinum frá síðasta stjórnarfundu. Framkvæmdastjórinn fór yfir öryggismál, brennsluna í september og það sem af er október, horfur til áramóta.

2. Niðurstöður útboðs á sorphirðu

Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöður útboðs um söfnun frá heimilunum. Eftir góða umræðu ákvað stjórn að fela framkvæmdastjóra að ganga frá samningnum við lægstbjóðendur.

3. Áætlun fyrir 2024

Framkvæmdastjóri byrjaði á því að fara yfir ýmsa bak grunnþætti áætlanagerðar áður en farið var í áætlunina sjálfa. Framkvæmdastjóri fór m.a. yfir útlit og horfur á urðunarkostnaði sem mun hækka umtalsvert milli ára, starfsmannakostnað, sorphirðukostnaður, uppgjör ílátakaupa árið 2023 og tekjur. Því næst fór framkvæmdastjórinn yfir fjárhagsáætlunina sjálfa. Ekki hafi verið jafn miklar breytingar á áætlun lengi og jafnframt sé töluverð óvissa í áætlun sem rekja má til lagabreytinga.

Stjórn samþykkti áætlun fyrir árið 2024 og fól framkvæmdastjóra og formanni að klára áætlunina og senda til sveitarfélaganna.

4. Persónuverndarstefna Kólku lögð fram til samþykktar

Þessi dagskrárliður var tekinn á undan skýrslu framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjórinn fór yfir tillögu að persónuverndarstefna félagsins. Stjórn hafði engar athugasemdir og samþykkti stefnuna. Persónuverndarstefnan mun verða aðgengilega á heimasíðu Kólku.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál voru á dagskrá.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:59.
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 14. nóvember 2023.

Fundargerð samþykkt með undirritun.

Önundur Jónasson

Svavar Grétarsson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Eiður Ævarsson

Ingbór Guðmundsson

Steinþór Þórðarson